

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

„Synir Íslands, synir elds og klaka,
sofa ekki, heldur vaka.
Allir vilja að einu marki vinna.
Allir vilja neyta krafta sinna,
björgum lyfta, biðjast aldrei vægðar,
brjóta leið til vegs og nýrrar frægðar,
fylgjast að og frjálsir stríðið heyja,
fyrir Ísland lifa og deyja.“

Það var 22. janúar 1895, sem þeim hjónum Stefáni Baldvin Stefánssyni, bónda að Fagraskógi við Eyjafjörð, og konu hans Ragnheiði Davíðsdóttur fæddist sonur, er heitinn var Davíð, í höfuð móðurafa síns. — Fagriskógur er skammt innan við miðjan Eyjafjörð, að vestan. Að baki bæjarins er allhátt fjall, Kötlu-fjall, en til austurs blasir við Eyjafjörður, fagurblár og lygn. Davíð ólst upp í föðurgarði, á myndarlegu og menningarlegu sveitaheimili. Honum var tíðreikað um fjörurnar og fékk að sögn snemma næmt auga fyrir náttúrunni og undrum hennar. Hefur móðurbróðir hans, Ólafur Davíðsson fræðimaður, trúlega átt sinn þátt í að vekja þann áhuga. Í endurminningum sínum (Mælt mál) segir Davíð smáþætti frá bernsku- og uppvaxtarárum sínum:

„Fyrstu skipin mín voru hefilspænis, sem ég lét sigla í þvottaskál eða í bala inni á palli eða í eldhúsi.“ — Síðar átti Davíð eftir að sigla á stórum skipum til margra og fjarlæggra landa. Er hann hafði aldur til, var hann sendur í Akureyrarskóla. Þá gekk þar yfir skáldskaparalda

og Davíð tók að yrkja. Fyrst mun hann hafa flutt ljóð sín opinberlega, þegar Stephan G. Stephansson var á ferð á Akureyri. Var Stefáni þá haldið samsæti. Þar hélt séra Matthías aðalræðuna og sömuleiðis tóku þeir til máls Guðmundur á Sandi og Páll Árdal. Þá gerðist ungl-ingurinn frá Fagraskógi svo djarfur að flytja Klettafjallaskáldinu kvæðiskorn.

Davíð dáði þegar á þessum árum mjög þjóðskáldið Matthías Jochumsson. Enn sem komið var áttu þeir ekki samleið, því að eins og Davíð kemst að orði:

„Ég bjó í þakherbergi í innbænum, hann úti á Sigurhæðum.“ — Eitt sinn heimsótti hann þó séra Matthías ásamt nokkrum skólafélögum sínum, og var erindið að biðja skáldið að tala á skólasamkomu. Það þótti viðurhlutamikill erindisrekstur.

„Við vorum auðvitað í okkar skárstu fötum, greiddum okkur vandlega fyrir spegli og létum hárið í öðrum vanganum lafa niður undir augu, það þótti fínt og var skólasiður þá. — Við vorum allir sveitamenn, gersamlega óvanir bukti og beygingum.“ — En séra Matthías tók þeim ljúfmannlega og sagði:

„Og hvað heitið þið nú, elskurnar mínar?“ og bað Guð að blessa þá, er þeir kvöddu.

Davíð hóf svo menntaskólanám í höfuðstaðnum, en það gekk ekki með öllu snurðulaust, því að „haustið 1917 ákváðu stjórnmöldin, að fimmti bekkur Mennta-

skólans í Reykjavík skyldi ekki starf-
ræktur á komandi vetri og landsjóði
þannig hlíft við kaupum á eldsneyti, er
nægði til að ylja eina stofu. — Ég var
einn hinna brottflæmdu. — Loks gat ég
hafið aftur skólanám og varð stúdent
1919. Sama árið kom út fyrsta ljóðabók-
in mín, Svartar fjaðrir.“ — Áður en
skólavist Davíðs lauk, veiktist hann og
tók það hann fimm ár að ná fullri heilsu.
Var hann þá lengst af heima í Fagra-
skógi, sumarlangt á Vífilstöðum, annað
sumar á Hraunum í Fljótum og síðast í
Kaupmannahöfn.

Árið 1919 var annars viðburðaríkt í
íslenzkri listasögu. Það skiptust að vísu
á skin og skúrir: Guðmundur Guðmunds-
son skáld lézt, aðeins 45 ára að aldri, og
Jóhann Sigurjónsson tæplega fertugur og
þá þegar orðinn kunnugt leikritaskáld
erlendis. Gleðilegri tíðindi voru það, að
um þær mundir hélt Páll Ísólfsson, sem
var við tónlistarnám í Þýzkalandi, fyrst
opinbera orgeltónleika í Berlín, Halldór
Guðjónsson frá Laxnesi sendi frá sér
fyrstu skáldsögu sína, „Barn náttúrunn-
ar“, og svo voru það „Svartar fjaðrir“
Davíðs frá Fagraskógi. Um þá bók skrif-
aði Matthías Jochumsson ritdóm og fór-
ust þannig orð: „Þessir nýju Davíðssálm-
ar eru víða frumlegir og vel kveðnir,
hefðu eflaust gert leikseigt hinum fornu,
hefðu þeir staðið í heilagri bók í þrjú
þúsund ár, og verið innrættir sem guðs-
orð hundrað kynslóðum. Form og efni
mætast jafnan hjá höfundinum í miðju trogi,
svo hvert barn skilur þá meining, sem
næst liggur. Hann þekkir ekki mæð eða
íburð, enda er hann allur háður hug-
myndum og þjóðsagnablæ og þuluförmið
honum lang-eðlilegast. — Ég get ekki
skírskotað til neinna sérstakra kvæða, því



Davíð Stefánsson

í Róm 1921

Teikning eftir Ríkharð Jónsson

sjón mín meinar mér það, heldur skír-
skota ég til allra kvæðanna, og bið menn
að taka þeim vel, því flest af þeim eiga
það skilið.“

Vegna „Svartra fjaðra“ fékk Davíð
styrk til Ítalíufarar og aflaði sér þar
margra yrkisefna.

Davíð gerðist bókavörður við fjórð-
ungsbókasafnið á Akureyri árið 1925 og
gegndi því starfi til ársins 1952. Jafn-
framt hóf hann bókasöfnun og eignaðist
smám saman eitt vandaðasta bókasafn
landsins.

Davíð Stefánsson gerðist brátt vinsæll og afkastamikill rithöfundur. Hver ljóðabókin rak aðra: Kvæði (1922), Kveðjur (1924), Ný kvæði (1929), Í byggðum (1933), Að norðan (1936). Svo liðu ellefu ár, þar til hann sendi frá sér ljóðabók, Ný kvæðabók (1947), þá Ljóð frá liðnu sumri (1956), Í dögum (1960) og að lokum voru gefin út Síðustu ljóð (1966).

En Davíð fékkst við fleira en ljóðagerð, hann samdi m. a. fjögur leikrit: Munkarnir á Möðruvöllum (1925), Gullna hliðið (1941), Vopn guðanna (1944) og Landið gleymda (1953). Þá samdi hann skáldverk um Sölva Helgason í tveim bindum, sem ber nafnið Sólon Íslandus (1940), og auk þessa hafa verið gefnar út ræður hans og ritgerðir í bók, sem ber heitið Mælt mál (1963). — Með þessum fögru bókmenntum, sem svo miklar voru jafnframt að vöxtum, aflaði hann sér þeirrar viðurkenningar að vera talinn höfuðskáld ný-rómantísku stefnunnar hér á landi á þriðja og fjórða tug aldarinnar og jafnframt í hópi þjóðskálda.

Ekki mun hér verða gerð tilraun til þess að skýra eða rekja skáldskap Davíðs Stefánssonar, þó skal það fullyrt, að Davíð var fyrst og fremst skáld fegurðarinnar, skáld vorsins og ekki sízt skáld frelsisins. Hans eru orðin:

„Fegursta vísan um vorið
er vísan um fræið í moldinni.“

Og á öðrum stað bætir hann við:

„Ég vissi það og veit það enn,
að vorið alla bætir.“

Lífsviðhorfi sínu sem skáldi lýsir hann í hnotskurni á þennan veg:

„Allir, sem verðskulda að nefnast skáld,
unna þjóð sinni, vilja frelsi hennar og
annarra, en hata ofríki og kúgun. Þess-



Davíð Stefánsson

vegna hlýtur það að vera eðli skáldsins að vilja göfga og bæta, fegra og friða.“

„Verði frelsið hætt og hatað,
hefur þjóðin öllu glatað.“

Þjóðerniskennd og áttagatryggð Davíðs er rík, enda þótt hann væri víðförull og að öðrum þræði heimsborgari, þá sagði hann samt:

„Hvar sem ég er staddur á hnettinum,
er skammt heim í Fagraskóg.“

Fyrir æsku landsins brýndi hann gildi þjóðlegra verðmæta:

„Nýja kynslóð eggja enn
Íslands fyrstu landnámsmenn.“

Og í *Mæltu máli* orðaði hann það svo:

„Kennið börnunum að elska íslenska fánann, því hann er hið heilaga tákn, tákn frelsisins, sem verða skal arfhlutur og aflagjafi íslenzku þjóðarinnar til hinnta

dags. Undir því merki skal hún sigur vinna.“

Eins og verða vill um einarða og mikilhæfa andans menn, sem binda ekki bagga sína sömu hnútum og miðlungsmenn, þá komst hann ekki alltaf hjá því að gjalda öfundar. En þeim galt hann svörin, ef til vill ekki með öllu þóttalaust:

„Hæstu trén rísa alltaf upp úr fönninni“; — „Ekki hrynur fjallið, þótt mýs tísti í mosapúfu“, og „Stöðupollar skilja ekki straumvötn“.

Síðasta bónin.

Jón litli vann allan daginn úti á engi.

Hann hlakkaði til kvöldsins, að mega koma heim til pabba og mömmu, borða og hvíla sig.

Hann kepptist við vinnuna, og því var hvíldin honum ljúf.

Eitt kvöld, er hann gekk af engi, mætti hann pabba sínum. Hann rétti honum sendibréf og sagði: „Viltu fara með þetta á pósthúsið fyrir mig?“

Það dofnaði yfir Jóni, hann var að hugsa um að hafa á móti því. Loks sigraði göfuglyндиð. Hann tók við bréfinu og sagði: „Það er velkomið, pabbi minn.“

„Þú ert góður drengur. Guð blessi þig,“ sagði faðir hans. „Ég ætlaði að fara með það sjálfur, en treysti mér varla til þess. Ég tek mér nærri að biðja þig þess, ég veit að þú ert orðinn þreyttur.“

Þegar drengurinn kom heim, var faðir hans dáinn. Jón minntist þess oft með gleði, að hafa gert með góðu það síðasta, sem pabbi hans bað hann.

Löngu, löngu síðar sagði Jón börnunum sínum þessa sögu.

Davíð Stefánsson átti hugsjón, var henni trúr og vildi kveikja hugsjónaeld í brjóstum landa sinna:

„Meðan einn gneisti brennur, er ekki vonlaust, að eldurinn glæðist. Sú þjóð, sem leggur rækt við göfgandi hugsjónir, stuðlar að gæfu og gróðri alls mannkyns.“

Davíð Stefánsson andaðist í sjúkrahúsi Akureyrar 1. marz 1962, sextíu og sjö ára að aldri, en ljóð hans og hugsjónir munu lifa.

Þá sögðu þau hvert við annað: „Við skulum alltaf gera það, sem pabbi og mamma biðja okkur um. Við vitum aldrei nema það geti orðið síðasta bónin.“

Vínátta dýranna.

Fíll einn hafði tekið ástfóstri við lítinn hund. Piltarnir, sem hirtu fíllinn, höfðu gaman af að stríða fílnum, með því að klípa í eyrun á hundinum, svo að hann skrækti. Kvöld eitt gerðu þeir þetta rétt við vegginn á húsinu, sem fíllinn var í. En allt í einu heyrðist brak og brestir, plankarnir í veggnum hrukku í sundur og fíllinn rak stóra hausinn út um gatið, hafði hann ranann á lofti og var svo ófrýnn á svipinn, að mennirnir flýttu sér sinn í hvora áttina, en litla dýrið hljóp með mikilli gleði til verndarans síns volduga.

Kennari (bendir á landabréf): „Ef ég sigli nú niður þessa á, hvað heita þá hæðirnar, sem ég hefi á hægri hönd?“

Drengur (horfir á hendina): „Þær heita vörtur.“